



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 7. janúar 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Erla María Lárusdóttir varaoddviti, Arnar Ólafur Viggósson, Ragnar Már Björnsson, varamaður og Adolf Hjörvar Berndsen, varamaður ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir lýstu yfir vanhæfi til þess að fjalla um efni fundarins. Ástrós Elisdóttir boðaði forföll.

Varaoddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Bréf

a. Stjórnarráð Íslands - Innviðaráðuneytið dags. 18. desember 2025

Efni: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2025/2026

Fyrir fundinum lá tilkynning Innviðaráðuneytisins dags. 18. desember 2025 um úthlutun 55 þorskígildistonna af byggðakvóta til sveitarfélagsins á fiskveiðiarinu 2025/2026. Úthlutunin er því óbreytt milli ára. Er sveitarfélaginu gefinn frestur til 19. janúar 2026 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur vegna úthlutunar kvótans. Beiðni um sérreglur til ráðuneytisins snúa að rækjubótum, hámarksúthlutun til hvers skips og undanþágu frá vinnsluskyldu. Eru þessar sérreglur efnislega óbreyttar frá fyrri reglum sem hafa hlotið samþykki ráðuneytisins undanfarin ár og samhljóða þeim sérreglum sem samþykktar voru vegna úthlutunar byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2024/2025.

Eftirfarandi tillaga lá fyrir fundinum:

Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.):

Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 4,4 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar eftirstöðvum af úthlutuðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar, auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttis byggðakvóta á síðasta fiskveiðiarí. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.

Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4. gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2025 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa verði skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þessa árs



auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónýttts byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar.

Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 12 þorskígildislestir. Hámarkið gildir um almenna flokkinn en úthlutun til þeirra báta sem eiga hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum komi til viðbótar. Við úthlutun skal fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.

Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)

Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2025 til 31. ágúst 2026.

Tillögur að sérreglum voru bornar upp til atkvæðagreiðslu og samþykktar samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.

Var sveitarstjóra falið að senda tillögu sveitarfélagsins að sérreglum til ráðuneytisins fyrir 19. janúar 2026.

2. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 08:40

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Erla María Lárusdóttir

Adolf Hjörvar Berndsen

Ragnar Már Björnsson